

Stuðboltarnir

Nemendafulltrúaráð 1.-10. bekkja Fundur 18. maí 2016

Mættir voru nemendafulltrúar úr 1.-10. bekk, Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri og Ásrún Kristinsdóttir deildastjóri.

1. Halldóra K. Magnúsdóttir fór yfir þær hugmyndir sem Stuðboltar hafa bent stjórnendum og starfsfólki skólans á að mætti bæta í skólaumhverfinu og hafa verið samþykktar undanfarin ár. Þar má nefna að Stuðboltar áttu upprunalega hugmyndina að aparólunni á Ásabraudtinni, þeir hafa komið með margar skemmtilegar tillögur að vinabekkjadögum, tjáð sig um húsgögnin sem hafa verið keypt í skólastofur og sagt frá því hvað má bæta í skólaumhverfinu. Í vetur hafa Stuðboltar á unglingsstigi tjáð sig um íþróttatímuna og breytingar á stundatöflu og hafa stjórnendur hlustað á raddir þeirra og sagði Halldóra frá þeim breytingum sem verða á íþróttatímum næsta vetur.
2. Guðrún Inga þakkaði Stuðboltum fyrir vel unnin störf í vetur og sagði frá því að Stuðboltafundirnir væru alltaf að vera betri og nemendur væru að sjá að þeir geta haft áhrif á skólabrag með því að koma hugmyndum sínum á framfæri. Stuðboltar fengu að vita að þeirra hlutverk er afar mikilvægt í skólastarfinu fyrir starfsfólk skólans.
3. Nemendur komu með hugmyndir að bættum skólabrag og bentu líka á það sem er jákvætt.
 - Nemendum í 3. bekk finnst að sameiginlegir íþróttatímar ættu að vera hjá 1. og 2. bekk en ekki 2. og 3. bekk eins og var í vetur.
 - Bent var á að diskarnir í mötuneyti væru skítugir.
 - Biðja starfsfólk að vera ekki að þurrka borðin meðan nemendur eru að borða hádegismatinn.
 - Fá pizzur aftur á matseðilinn.
 - Fá að vera í úlpum í tímum.

- Opna fyrir Snap Chat.
- Flokkunin og endurvinnslan voru gagnrýnd.
- Misjafnar skoðanir á skólaþingi heimanáms.
- Hafa fjölbreyttari mat.
- Þegar það er matur sem nemendum líkar þá má ekki fá sér oftari en 2 sinnum.
- Þeir sem eru í sundi rétt fyrir mat ná ekki matartímanum og fá ekki mat.
- Bein eru í fiski.
- Íþróttatímarnir eru of langir.
- Hafa fleiri íþróttatíma.
- Of mikið um markmiðssetningar.
- Alltof mikil vinna.
- Vantar eyður í stundatöflu á unglingsstigi.
- Fá að vera meira úti þegar það er gott veður.
- Fá sjálfsala.
- Of mikil stærðfræði á stundatöflu og í verkefnatímum.
- Laga skólalóðina.
- Það vantar fleiri bolta og það ætti að setja upp skráningarkerfi fyrir boltana svo þeir tynist síður.

Það sem jákvæðast er:

- Góður kennari í 7.K.
- Helgarfrín.
- Vorferðirnar.
- Mörtugangan.

4. Að lokum gæddu Stuðboltar sér á dýrindis súkkulaðiköku.

Fleira ekki gert og fundi slitið,
Guðrún Inga Bragadóttir